# 5 Hvenær átt þú afmæli?



## 1. Til hamingju með afmælið

H1.37

Anna á afmæli í dag. Hún er tuttugu og fimm ára (25 ára).
Í afmælinu er matur og stór afmæliskaka.
Það eru margir gestir í heimsókn, bæði fjölskyldan og vinir.
Símon, vinur hennar, kemur með stóra gjöf.



Anna: Halló Símon, velkominn! Komdu inn.

Símon: Til hamingju með afmælið. Gjörðu svo vel.

Anna: Vá, stór pakki! Takk fyrir.

## 2. Hvenær átt þú afmæli?

H1.38

Nanna: Hvenær átt þú afmæli?

Rafael: Ég á afmæli 8. maí (áttunda maí), en þú?

Nanna: Ég á afmæli 14. nóvember (fjórtánda nóvember).

| | |
|---|---|
| Hvenær **átt þú** afmæli? | Fyrsta apríl (1. apríl). |
| Hvenær **áttu** afmæli? | Fimmtánda ágúst (15. ágúst). |



### Hvað segir Fríða frænka?

Barnaafmæli eru vinsæl á Íslandi.
Það er oft súkkulaðikaka í barnaafmælum á Íslandi.

*Borðar þú súkkulaðiköku?*



## 2.1 Afmælissöngurinn

Hann/hún á afmæli í dag

Hann/hún á afmæli í dag

Hann/hún á afmæli, hann/hún ...

Hann/hún á afmæli í dag

*Til hamingju með* ***afmælið!***

*Til hamingju með* ***daginn!***



# 3. Mánuðirnir

H1.39

**Hlustaðu og endurtaktu**




## 3.1 Ég á afmæli ...

Ég á afmæli **fyrsta** júní (1. júní).

Ég á afmæli **annan** október (2. október).

Ég á afmæli **sautjánda** maí (17. maí).

Ég á afmæli **tuttugasta og þriðja** febrúar (23. febrúar).

## 4. Raðtölur

H1.40

### Hlustaðu og endurtaktu

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. = **fyrsti** | 6. = **sjötti** | 11. = **ellefti** | 16. = **sextándi** | 21. = **tuttugasti og fyrsti** |
| 2. = **annar** | 7. = **sjöundi** | 12. = **tólfti** | 17. = **sautjándi** | 22. = **tuttugasti og annar** |
| 3. = **þriðji** | 8. = **áttundi** | 13. = **þrettándi** | 18. = **átjándi** | 30. = **þrítugasti** |
| 4. = **fjórði** | 9. = **níundi** | 14. = **fjórtándi** | 19. = **nítjándi** | 31. = **þrítugasti og fyrsti** |
| 5. = **fimmti** | 10. = **tíundi** | 15. = **fimmtándi** | 20. = **tuttugasti** | |

### 4.1 Hvaða mánaðardagur er í dag?

*Í dag er sautjándi maí.*




Hvaða mánaðardagur er í dag?

Hvaða mánaðardagur var í gær?

Hvaða mánaðardagur er á morgun?

## 5. Vetur, sumar, vor og haust



*vor*



*sumar*



*haust*



*vetur*



**Hvað segir Fríða frænka?**

Dagsetningar á Íslandi eru alltaf skrifaðar svona - dagurinn á undan mánuðinum:

*03. 11 = þriðji nóvember*

*10. 06 = tíundi júní*

*15. 01 = fimmtándi janúar*

*31. 03 = þrítugasti og fyrsti mars*

# 6. Dagarnir í vikunni

H1.41

**Hlustaðu og endurtaktu**

**mánudagur** **þriðjudagur** **miðvikudagur** **fimmtudagur** **föstudagur** **laugardagur** **sunnudagur**

**Helgi** er laugardagur og sunnudagur.

## 6.1 Hvaða dagur er í dag? Skrifaðu svörin

Í dag er …




Hvaða dagur er í dag? Í dag er ______________________

Hvaða dagur var í gær? Í gær var ______________________

Hvaða dagur er á morgun? Á morgun er ______________________

## 6.3 Tölum saman!

**a)** Hvaða dagur var í gær?

**b)** Hvaða dagur er á morgun?

**c)** Hvaða mánaðardagur er í dag?

**d)** Hvenær átt þú afmæli?

**e)** Borðar þú köku á afmælisdaginn þinn?



### Hvað segir Fríða frænka?



Jólin eru í desember. *Gleðileg jól!*



Páskarnir eru í mars eða apríl. *Gleðilega páska!*




Þjóðhátíðardagur Íslands er 17. júní (sautjánda júní).

Hvenær er stærsta hátíðin í þínu landi?

## 7. Sjálfsmat – Þetta kann ég!

**1.** Ég kann að segja **hvenær** ég á afmæli

- [ ] Ég á afmæli ...

**2.** Ég kann **að spyrja**

- [ ] Hvenær átt þú afmæli?

**3.** Ég kann **mánuðina**

- [ ] janúar
- [ ] febrúar
- [ ] mars
- [ ] apríl
- [ ] maí
- [ ] júní
- [ ] júlí
- [ ] ágúst
- [ ] september
- [ ] október
- [ ] nóvember
- [ ] desember

**4.** Ég kann **dagana**

- [ ] mánudagur
- [ ] þriðjudagur
- [ ] miðvikudagur
- [ ] fimmtudagur
- [ ] föstudagur
- [ ] laugardagur
- [ ] sunnudagur

**5.** Ég kann **orðin**

- [ ] vetur
- [ ] vor
- [ ] sumar
- [ ] haust

**6.** Ég kann **orðin**

- [ ] í dag
- [ ] í gær
- [ ] á morgun

**7.** Ég kann að segja **hvaða mánaðardagur** er í dag

- [ ] Í dag er ...

**8.** Ég kann að **segja**

- [ ] Til hamingju með afmælið!
- [ ] Til hamingju með daginn!

## Málfræði M

### Raðtölur

| | | |
|---|---|---|
| 1. = **fyrsti** | 11. = **ellefti** | 21. = **tuttugasti og fyrsti** |
| 2. = **annar** | 12. = **tólfti** | 22. = **tuttugasti og annar** |
| 3. = **þriðji** | 13. = **þrettándi** | 23. = **tuttugasti og þriðji** |
| 4. = **fjórði** | 14. = **fjórtándi** | 24. = **tuttugasti og fjórði** |
| 5. = **fimmti** | 15. = **fimmtándi** | 25. = **tuttugasti og fimmti** |
| 6. = **sjötti** | 16. = **sextándi** | 26. = **tuttugasti og sjötti** |
| 7. = **sjöundi** | 17. = **sautjándi** | 27. = **tuttugasti og sjöundi** |
| 8. = **áttundi** | 18. = **átjándi** | 28. = **tuttugasti og áttundi** |
| 9. = **níundi** | 19. = **nítjándi** | 29. = **tuttugasti og níundi** |
| 10. = **tíundi** | 20. = **tuttugasti** | 30. = **þrítugasti** |
| | | 31. = **þrítugasti og fyrsti** |

**i → a**

| | | Ég á afmæli.... |
|---|---|---|
| (1.) | fyrst**i** | fyrst**a** |
| (3.) | þriðj**i** | þriðj**a** |
| (4.) | fjórð**i** | fjórð**a** |
| (5.) | fimmt**i** | fimmt**a** |

*Í dag er fyrst**i** janúar*
*Ég á afmæli fyrst**a** janúar*
*Ég fer til Akureyrar þriðj**a** maí*

annar (2.) → anna**n**

*Í dag er anna**r** febrúar*
*Ég á afmæli anna**n** febrúar*
*Ég fer til London anna**n** ágúst*

### Spurnarorð

| Spurning | | Svar |
|---|---|---|
| **Hvenær** | átt þú afmæli? | Ég á afmæli fyrsta mars. |
| **Hvenær** | ferð þú til Selfoss? | Ég fer á mánudaginn. |
| **Hvaða** | dagur er í dag? | Í dag er mánudagur.<br>Mánudagur. |